

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

Bjarkarholt 32-34 (4-5) – 116-M.

Deiliskipulagsbreytingin, sem er skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, felur í sér að lóðir sem nú heita Bjarkarholt 4-5 (verða númer 32-34) verði skilgreindar fyrir uppbyggingu þjónustuíbúða aldraðra sem verði tengdar með göngubrúum inn á Hlaðhamra í norðri. Byggingarreitum er breytt og húskroppum snúið. 100 rými verða í húsum sem geta verið mest 4-5 hæðir. Bílakjallari er undir byggingum með aðkomu frá Langatanga. Aðkomu að lóð frá Bjarkarholti er breytt sem og gatnamótum við Langatanga. Uppbrot og hönnun húsa skal samræmast skipulagi miðbæjarins. Annað í skipulagi er óbreytt.

Hlaðhamrar 2 – 116-M.

Deiliskipulagsbreytingin, sem er skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, felur í sér að heimild er til þess að byggja eina hæð ofan á þjónustubyggingu við Hlaðhamra 2, allt að 40 fermetra. Nýjar göngubrýr tengja starfsemina áætluðum þjónustuíbúðum aldraðra að Bjarkarholti 32-34 (4-5). Annað í skipulagi er óbreytt.

Reykjamelur 10-14 – 315-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin, sem er skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, felur í sér að lóðamörkum og stærðum Reykjamels 10, 12 og 14 er breytt innbyrðis. Heimilt er að byggja parhús á lóðum 12 og 14 í stað einbýlishúsa og byggingarmagn aukið. Aðkomugata húsa er breikkuð. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 13. desember 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. desember 2021